



Lítil mæ heilsar
löndum sínum,
ung og ófróð,
en ekki feimin;
leitar gestrisni
góðra manna
föðurlaust barn
frá fátækri móður.

*

Þannig ávarpaði Júlíana Jónsdóttir bljúgum huga lesendur í ljóðabókinni Stúlka á því herrans ári 1876. En það er elsta bókin á skránni yfir fagurbókmenntir eftir íslenskar konur sem Borgarbókasafn hefur tekið saman í tilefni sýningar á bókaefni kvenna í Gerðubergi. Í þau 110 ár sem liðin eru frá þessari fyrstu bók hafa íslenskar konur skv. skránni gefið út um 230 skáldsögur, leikrit, barnabækur, smásögur og ljóðabækur.

Það er mjög vel til fundið hjá íslenskum konum að ljúka kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna á því að gera einmitt úttekt á stöðu íslenskra kvenna í listum og bókmenntum. Draga fram það sem konur hafa og eru að leggja þar fram. Kemur sjálfkrafa í ljós að óþarfi er að vera svo bljúgur, ef aðeins tekst að láta í sér heyra. Upplstur á ljóðum kvenna í Gerðubergi, þar sem leikkonur lesa ljóð kynsystra sinna og skáldkonur frá tvítugu til áttæðs fara með ljóð sín, dregur fram einmitt nú

að ekki er það af gæðaskorti að þær eru skildar eftir þegar borin eru á borð ljóð þessarar þjóðar. Það vantar bara nýtt forrit inn í heila þeirra sem ráða. Kannski er vandinn meiri, ef þeir hafa ekki hugmynd um í hverju vangefnin er fólgin. Bara að þeir fáið nú til að bragða á því sem fram er borið.

Það er þarft verk að draga þetta fram, bera það á borð og segja rétt sem svo: „Hérna er það. Þurfum við nokkuð að biðja afsökunar?“ Ekki aldeilis! Ekki er þetta kannski síst áberandi þegar lítið er á hlut kvenna í myndlistinni, eins og sjá mátti á sýningu íslenskra myndlistarkvenna, sem fæddar eru frá 1888 og fram um 1930 í Listasafni Íslands. Þetta var alveg makalaust góð sýning og voru þó aðeins fá verk eftir hverja kvennanna og val þeirra miðað við það sem til er í Listasafninu sjálfu. Kannski einmitt fyrir það hve lítil sýningin var sá maður í sjónhendingu hversu góðir listamenn þessar konur voru, hver á sínum tíma fremst í flokki. Þær báðu heldur aldrei um neina sérstaka meðferð, heldur kepptu þær á hinum harða samkeppnismarkaði listanna. Þegar lítið er á nöfnin sést að þessar konur sóttu sér flestar frægd að utan, öfluðu orðstírs í hinni hörðu samkeppni í listaborgum. Viðmiðun þeirra var ekki bara Ísland

heldur heimlistin þar sem þær urðu hlutgengar, að því er virðist umfram íslenska listamenn af hinu kyninu: Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttir, Gunnfríður Jónsdóttir, Nína Sæmundsson, Vigdís Kristjánsdóttir, Gréta Björnsson, Tove Ólafsson, Barbara Arnason, Nína Tryggvadóttir, Louisa Matthíasdóttir, Ragnheiður Ream, Ásgerður Búadóttir, Ólöf Pálsdóttir, María H. Ólafsdóttir, Guðmunda Andrésdóttir, Eyborg Guðmundsdóttir, Gerður Helgadóttir og Valgerður Hafstað. Nöfnin gefa þeim sem ekki náðu að sjá þessa sýningu, sem því miður stóð stutt, hugmynd um gæði þessa akurs og hversu frjór hann er. Þarna má rekja 70 ára sögu myndlistar á Íslandi, þar sem konur hafa staðið, ja, ég vil segja framar körlunum þegar á heildina er lítið. Það var þarft að draga það fram. Og gaman að sjá hvernig myndlist kvenna hefur þróast ekki síður en ljóðlistin í nokkra áratugi.

I annan stað er svo boðið við lok kvennaáratugar upp á að sjá í sömu andrá hvar myndlistarkonur nútímans og síðustu 10 ára eru staddar á ólgandi og fjölbreyttri sýningu um 30 ungra listakvenna, sem fylla allt sýningarrými á Kjarvalsstöðum. Þar á tíminn eftir að velja úr og verkin að sjálfsgöðu misjöfn, en það er gaman að sjá þróttinn í listsköpuninni. Breiddin mikil.

Konurnar láta ekki þar við sitja, úttektin heldur áfram. Opnaðar sýningar á nýjum þáttum í listsköpun kvenna um hverja helgi, um allan bæ að koma fram nýjar hliðar á list kvenna. Sumt að byrja að hasla sér völl. Svo margvislegt að ekki vinnst tími til að skoða allt. Arkitektar, ljósmyndarar, leik-

arar, kvikmyndakonur o.fl. bera á borð og gera upp stöðuna við lok þessa kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna.

Reykjavíkursögur Ástu, sem Helga Bachman hefur dregið fram og matreitt á sýningu í nýju Kjallaraleikhúsi kvenna á Vesturgötu 3, bætir í þetta gullasafn og dregur fram 30 ára gömul tímamót, sem hljótt hefur verið um. Sýna umkomuleysi örvæntingarfullrar konu, sem vill skrifa og mála í framandi og ógnvekjandi borgarsamfélagi, á tíma þegar ekki var auðhlaupið að því að vera djörf skáldkona með framandi sýn í

tur í tímann og fram á okkar dag. Í ljós kemur að enginn þarf að biðja afsökunar á því sem fram er borið — síður en svo.

*

Konur eru líka menn. Þeim áratug er víst að ljúka sem konur heims ætluðu að nota til að sannfæra hinn helming mannkyns og sjálfar sig um að þetta væri heilagur sannleikur. Og freista þess að kippa í liðinn þar sem einhver hængur er á að þetta sé viðurkennt.

Í lok áratugarins eru konur um allan heim að taka út stöðuna, hver í sínu landi og við sínar forsendur. Enda viðmiðun næstum eins mismunandi og löndin eru mörg. Varla hægt að beita sama mælikvarða við úttekt á slíkri stöðu á Íslandi og í fjölmörgum löndum heims, þar sem upp í 80% af konum eru ólæsar. Jafnvel nær allar ólæsar eins og þær reyndust í 7 löndum við úttekt fyrir fimm árum, þar af 5 í Afríku. Á þeim slóðum er markmið og árangur miðaður við að koma piltum og stúlkum á sama stig til að opna þeim möguleika til sömu menntunar í sömu skólum, í þeim fróma tilgangi að gera þeim fært að vera raunverulegir þátttakendur í framförum í samfélagi sínu eða með öðrum orðum vera með í að móta sín eigin örlög og sinna.

Konur á Íslandi hljóta að hafa aðra viðmiðun í sínu uppgjöri. Vitanlega hefur hagar skálda og listakvenna drjúgum batnað síðan Júlíana Jónsdóttir, vinnukona úr Breiðafirði og fyrsta skáldkonan sem gaf út bók á Íslandi, hraktist til Ameríku. En henni varð að orði um eigin hag:

Mér er ekki mæðan huld,
margt þó yrki' eg stefið;
illa' er goldin skáldi skuld,
skuli það vanta í nefið.

REYKJAVÍKURSÖGUR ÁSTU



nýmynduðu borgarumhverfi. Þar er dregin upp falleg og smekklega með farin mynd — svo auðvelt sem það hefði verið að fara út af strikinu öðru hvoru megin í væmni eða ofdirfsku — sem verulega auðgar þetta uppgjör er nú fer fram á listsköpun kvenna um öld af-

Bílar til sölu

1. Mercedes Benz 280 SE '80, ekinn 86 þús. km. Sjálfskiptur, loftkæling, sportfelgur, pluss.
2. Ford Siera Laser 1600 '85, ekinn 12 þús. km. Sólúga, rafm. í rúðum o.fl.
3. GMC van DURA-húsbíll, original innrétting, sjálfsk., loftkæling o.fl. Sérstætt lakk.

Hvers konar gr.kjör koma til greina. Sími 41944.

Húsnæðisstofnun ríkisins


SJÓNVARPSFRÉTT LEIÐRÉTT

Í sjónvarpsfréttum nýlega var rætt um greiðsluþöfnun húsnæðislána. Þar kom fram sá misskilningur, að „einungis þeir, sem tóku húsnæðislán á tímabilinu frá október 1982 til október 1983 fái einhverja fyrirgreiðslu — hinir ekkert“.

Af þessu tilefni skal á það bent, að umrædd greiðsluþöfnun nær til allra þeirra, sem greiddu af fullverðtryggðum húsnæðislánum sínum á ofangreindu tímabili, enda sæki þeir um hana fyrir 1. október 1985.

Reykjavík, 25. sept. 1985

Húsnæðisstofnun ríkisins



BOS hugbúnaður
er hannaður og framleiddur af BOS SOFTWARE LTD í Bretlandi.
BOS hugbúnaður
hefur verið þýddur og aðlagður íslenskum aðstæðum.

BOS hugbúnaður
er ekki háður sérstakri tölvutegund, heldur gengur hann á yfir 30 gerðir tölva bæði ein- og fjölnotenda, þ.m.t. DEC MICRO PDP/11, SAGE IV, IBM PC/XT/AT, ATLANTIS og WANG PC.
Kerfin sem boðið er upp á eru:
● Fjárhagsbókhald ● Viðskiptamannabókhald ● Sölu- og pantanakerfi
● Birgðabókhald og birgðastýring ● Lánadrottnar ● Launabókhald ● Verkbókhald
● Ritvinnsla ● Gagnagrunnur ● Skýrslugerð ● Áætlanagerð ● Framleiðslustýring

BOS borgar sig.

Hringið eða komið í heimsókn og fáið nánari upplýsingar.
Tölvumiðstöðin hf
Höfðabakka 9 — Sími 685933